


Ísafjarðarbær  
Helga Þuríður Magnúsdóttir  
Stjórnsýsluhúsinu  
400 Ísafjörður



Reykjavík, 14. nóvember 2022  
Tilvísun: 202210071 / 3.6

### Efni: Óveruleg breyting á deiliskipulagi, Eyrin, Fjarðarstræti 20.

Ísafjarðarbær hefur, með erindi dags. 25. október 2022, sent Skipulagsstofnun óverulega breytingu á ofangreindu deiliskipulagi til vörslu samkvæmt 2. mgr. 43. gr. laganna. Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt í sveitarstjórn þann 20. október 2022 en auglýsing um samþykkt hennar hefur ekki verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Deiliskipulagsbreytingin felst í breytingu á stærð lóðar og auknu byggingarmagni sbr. heimilað nýtingahlutfall á lóðinni við Fjarðarstræti 20, vegna áforma um byggingu nemendagarða Háskólaseturs Vestfjarar. Heildarbyggingarmagn á byggingarreitnum eykst úr 727,5 m<sup>2</sup> í 3405 m<sup>2</sup> og stærð lóðar fer úr 485 m<sup>2</sup> í 2270 m<sup>2</sup>.

Deiliskipulagsbreytingin er sett fram í greinargerð dags. 7. ágúst 2022.

Með hliðsjón af a-lið 4. gr. skipulagslaga telur Skipulagsstofnun rétt að koma þeirri ábendingu á framfæri að aukning byggingarmagns á reitnum um 2677,5 m<sup>2</sup>, er þegar litið er til umfangs og staðsetningar ekki óveruleg og því hefði málsmeðferð átt að vera skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga.

Sveitarfélagið verður því að taka afstöðu til þess hvort tilefni sé til að afturkalla óverulega breytinguna og fara í nýja málsmeðferð.

  
Sigríður Björk Jónsdóttir

